

**129. fundur skólanefndar ME**  
**haldinn 19. apríl 2016 kl. 17:00 í fundarherbergi skólans**

Mættir skólanefndarmenn: Skúli Björn Gunnarsson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Gauti Jóhannsson og varamennirnir Lára Vilbergsdóttir og Steinunn Ásmundsdóttir í forföllum Estherar Aspar Gunnarsdóttur og Önnu Bjarkar Guðjónsdóttur.

Áheyrnarfulltrúar mættir: Hlynur Ármannsson, Rebekka Karlsdóttir og Steinunn Snædal. Jafnframt sátu fundinn: Helgi Ómar Bragason skólameistari og Elín Rán Björnsdóttir mannauðsstjóri sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá**

- 1. Staðfesting fundargerðar 128. fundar.**
- 2. Starfsmannaráðningar:**
  - **Erindi frá kennara um framlengingu á launalausum leyfi**
  - **Kynntar umsóknir um starf fjármálastjóra og tvær kennarastöður.**
  - **Úrvinnsla umsókna um starf skólameistara – fært til loka fundar**
- 3. Sjóðir í vörslu ME.**
  - **Ársreikningar 2015**
  - **Umræður um tilgang sjóðanna og nýtingarmöguleika**
- 4. Önnur mál:**

*Formaður setti fund kl. 17:04 og bar það undir fundinn að færa úrvinnslu umsókna um starf skólameistara aftur fyrir önnur mál. Það var samþykkt og gengið var til dagskrár.*

**1. Staðfesting fundargerðar 128. fundar**

Fundargerð 128. fundar hafði verið samþykkt í tölvupósti en var staðfest með undirritun af þeim sem sátu þann fund.

**2. Starfsmannaráðningar:**

- **Erindi frá kennara um framlengingu á launalausum leyfi**  
Jóney Jónsdóttir óskar eftir framlengingu á launalausum leyfi næsta skólaár. Samþykkt.
- **Kynntar umsóknir um starf fjármálastjóra og tvær kennarastöður**  
Skólameistari kynnti umsóknir um stöðu kennara í eðlisfræði og stærðfræði. Einn umsækjandi án kennsluréttinda. Lagt til að umsóknarfrestur yrði framlengdur. Tíu umsóknir um stöðu fjármálastjóra. Skólameistari kynnti þá umsækjendur sem sóttu um en umsóknarfrestur rann út 18. apríl. Hann mun velja 3-4 umsækjendur til að taka í viðtal.
- **Úrvinnsla umsókna um starf skólameistara – frestað til loka fundar.**

**3. Sjóðir í vörslu ME**

- **Ársreikningar 2015**  
Nefndarmenn höfðu fengið ársreikninga sjóðanna fyrir 2015 senda með fundargögnum. Skólameistari kynnti stöðu sjóðanna.
- **Umræður um tilgang sjóðanna og nýtingarmöguleika**

Skólameistari ræddi þá hugmynd varðandi Menningarsjóð prófasthjónanna að nýta fjármuni til að gera „Ættir Austfirðinga“ aðgengilegar á vef Héraðsskjalasafnsins. Efnið er til inn skannað og þetta samræmist hlutverki sjóðsins. Skólameistari, Sigurjón Bjarnson og forstöðumaður Héraðsskjalasafns sitja í sjóðsstjórninni en hún hefur ekki komið saman. Sömu sögu er að segja um stjórn Skólasjóðs ME sem í sitja auk skólameistara form. kennarafélags og form. nemendafélags. Tillögur skólanefndar því ekki verið teknar til umfjöllunar af sjóðsstjórnnum. Formaður skólanefndar sagði skólanefnd hefði komið sínum skoðunum á framfæri í þeim tillögum sem nefndin samþykkti á fundi sínum 16. júní 2015. Nú þyrftu sjóðsstjórnirnar að taka þær fyrir.

#### **4. Önnur mál**

##### **a. Ytra mat**

Þetta vorið fer fram ytra mat á skólastarfinu á vegum ráðuneytisins en það var síðast gert 2010. Unnið er í hópum að sjálfsmati. Úttektin sjálf verður framkvæmd dagana 28.-29. maí þegar 2 fulltrúar menntamálaráðuneytis heimsækja skólann. Á sama tíma er von á erlendum sérfræðingum sem eru að meta starf í skólum án aðgreiningar á Íslandi.

##### **b. Fundur með ráðuneyti**

Formaður spurði skólameistara um fregnir frá samráðsfundi skólameistara og ráðuneytis sem fram fór í gær. Skólameistari kvað ekkert nýtt hafa komið fram á honum.

##### **c. Sprotasjóður**

Skólameistari sagði til samræmis við umræðu á síðasta skólanefndarfundi hefði verið sótt um styrk til að vinna að ferðamálanámi en henni var hafnað. Kennari við skólann sótti hins vegar einnig í sjóðinn vegna listasmíðju og fékk 2,6 miljónum úthlutað. Umræður fóru fram um tilurð umsóknarinnar.

##### **d. Samstarf framhaldsskólanna**

Formaður spurði um samstarfið og kynningardaginn sem var samhliða Skólahreysti. VA var ekki þátttakandi í kynningardegnum í ár. Flestir grunnskólar á Austurlandi komu á kynninguna. Til stóð að vera með sameiginlegt kynningarefni en gekk ekki að þessu sinni. Útbúið var nýtt kynningarefni fyrir ME á rafrænu formi sem var sent á skólana og einnig sett á heimasíðuna. Námsráðgjafi og áfangastjóri fóru einnig í þá skóla sem óskuðu eftir kynningu.

Formanni og skólameistara falið að funda á vordögum með forsvarsmönnum VA til að ræða samstarfið.

##### **e. Málþing um þekkingarsamfélagið**

Formaður sagði frá málþingi um uppbyggingu þekkingarsamfélagsins á Austurlandi sem SSA efndi til 31. mars sl. Á því voru flutt áhugaverð erindi en aðallega rætt um nám á háskólastigi. Í lok þess var skrifað undir viljayfirlýsingu um myndun fagraðs til að vinna með starfshópi að þessu verkefni.

#### **f. Næsti skólanefndarfundur**

Það liggur fyrir að skólanefnd þarf að funda seinni hluta maí. Lagt til að næsti skólanefndarfundur verði miðvikudaginn 25. maí kl. 17:00.

*Hlé gert á fundi kl. 17:45 til að njóta veitinga.*

*Fundi haldið áfram kl. 17:55*

*Elín Rán yfirgaf fundinn og Helgi Ómar tók við fundarritun.*

#### **Haldið áfram með 2. dagskrárlið:**

#### **Úrvinnslu umsókna um starf skólameistara.**

Embætti skólameistara ME var auglýst laust til umsóknar 11. mars sl. Umsóknarfrestur var til 8. apríl. Fundarmenn höfðu fengið sent bréf ráðuneytisins ásamt umsóknum og fylgigögnum til að lesa fyrir fundinn. Í bréfinu er óskað eftir umsögn skólanefndar um embættið á grundvelli umsókna og fylgiskjala.

Eftirtaldir sóttu um:

- Árni Ólason, áfangastjóri
- Birgir Jónsson, sviðsstjóri
- Eyjólfur Pétur Hafstein, grunnskólakennari
- Hamidreza Jamshidnia, rannsakandi og sérfræðingur
- Kristian Guttesen, grunnskólakennari
- Magnús Kristjánsson, framhaldsskólakennari
- Sigrún Hólm Þorleifsdóttir, framhaldsskólakennari
- Sigurður Þórður Ragnarsson, framhaldsskólakennari

Nefndin byrjaði á að meta starfsgengisskilyrði umsækjenda og taldi einn umsækjanda ekki uppfylla skilyrði um starfsgengi. Nefndin fór síðan yfir umsóknir þeirra sjö einstaklinga sem töldust starfsgengir og lagði mat á þær. Nefndin komast að einróma niðurstöðu. Formanni falið að senda ráðuneyti menntamála umsögnina.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.25.*

Elín Rán og Helgi Ómar rituðu fundargerð.